

Reykjavík 19. maí 2015

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefnasvid@althingi.

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (munaðarlaus verk) 700. mál.**

STEF gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp sem innleiðir í íslensk lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum.

Frumvarpið gerir tilteknum stofnunum og aðilum sem veita opinbera þjónustu möguleika á að stafvæða evrópskan menningararf með því að stafvæða munaðarlaus verk í söfnum sínum til að varðveita og gera þau aðgengileg til birtingar á netinu. Ljóst er að varðveiting menningararfs til framtíðar er hverju menningarsamfélagi mikilvægur. Samkvæmt frumvarpinu teljast munaðarlaus verk vera verk sem njóta höfundaréttar en þar sem höfundur eða aðrir réttahafar eru ekki þekktir eða ekki vitað hvar þá er að finna þannig að ekki er unnt að leita heimildar hjá viðkomandi til að stafvæða verkin og gera þau aðgengileg.

STEF telur þá varnagla mikilvæga sem finna má í frumvarpinu að þessu leyti, þ.e.a.s. að ítarleg leit skuli hafa farið fram að rétt höfum áður en not hefjast, skrá skuli haldin yfir leitina til að sýna fram á hana svo og að réttahafar verks geti hvenær sem er komið og afturkallað stöðu munaðarlaus verks hvað varðar hans eða hennar rétt á auðveldan hátt. Þá er einnig mikilvægt að komi rétt hafi fram tíðar og afturkalli stöðu verksins eigi hann rétt á sanngjörnum bótum.

Virðingarfyllst

F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj.